



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Sent í samráðsgátt.
Reykjavík, 1. október 2020

Efni: Umsögn um Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum

Tilv. 202010-0001

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt birt 23. júní 2020 þar sem óskað var eftir umsögnum um Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum (önnur útgáfa). Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni áætlunarinnar og gera eftirfarandi athugasemdir.

Almennt

Loftslagsbreytingar eru áskorun samtímans, sem kallar á samræmdar aðgerðir stjórnvalda, félagasamtaka, fyrirtækja og almennings. Bændasamtök Íslands lýsa yfir ánægju með aðra útgáfu aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum til ársins 2030. Aðgerðaáætlunin er mikilvægt gagn þar sem góð og skýr yfirsýn fæst yfir stefnu og aðgerðir stjórnvalda í þessum mikilvæga málaflokki. Uppfærslur í áætluninni eru vel heppnaðar og ber þá sérstaklega að nefna samráðsferli og rýningu fyrir útgáfu hennar. Framsetning áætlunarinnar er góð þar sem greinargóð lýsing er með hverri aðgerð, mögulegum samdráttaráhrifum hvarra þeirra og árangursmælikvörðum.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði hefur haldist tiltölulega stöðug undanfarin ár og svaraði í loftslagsbókhaldi Íslands fyrir árið 2018 til um 12% af heildarlosun Íslands. Aðgerðaáætlunin gerir ráð fyrir 5% samdrætti miðað við losun viðmiðunarársins 2003 en 9% samdrætti ef miðað er við losun ársins 2018. Bændasamtökin hafa sett sér umhverfisstefnu þar sem fyrsta markmiðið er stefnt skuli að kolefnishlutleysi landbúnaðarins fyrir árið 2030. Einnig hafa, hver um sig, Landssamtök sauðfjárbænda, Landssamband kúabænda og Samband garðyrkjubænda sett fram markmið um kolefnishlutleysi. Aðgerðir áætlunarinnar styðja við markmið landbúnaðarins í loftslagsmálum og verkefnastjórn um framgang loftslagsaðgerða verður vonandi til þess að styðja enn frekar við samstarf og samstillingu aðgerða í málaflokknum.



Landbúnaður og fæðuöryggi

Landbúnaður er lykillinn að fæðu- og næringaröryggi Íslendinga enda spannar hann vítt svið matvælaframleiðslu; m.a. kjöt, egg, mjólkurafurðir og grænmeti. Þessar afurðir eru undirstaða fjölbreyttrar fæðu en aukaafurðir þessarar framleiðslu t.d. búfjáraburður og aðrar vannýttar auk- og hliðarafurðir verða mikilvægar þegar stefnt er að matvælahringrás þar sem sjálfbærni verður höfð að leiðarljósi. Loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á allar hliðar fæðuöryggis; fæðuframboð, aðgengi að matvælum, nýtingarmöguleika sem og stöðuleika í framleiðsluferlum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar forgangsraðað er í mögulegum samdráttaraðgerðum, að lausnin felst ekki í því að hætta framleiðslu ákveðinna landbúnaðarafurða heldur horfa á matvælaframleiðslu sem hringrás og uppsprettu mikilvægra afurða fyrir nýjar matvælahringrásir. Landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna leggur áherslu á þrjár leiðir sem þar er talið að geti dregið umtalsvert úr losun frá búfjáramframleiðslu. Leiðirnar eru: Í fyrsta lagi að bæta og breyta framleiðsluháttum sem geta dregið úr losunarstyrk. Í öðru lagi að landbúnaður verði órjúfanlegur þáttur hringrásarhagkerfisins (sbr. matvælahringrásina). Í þriðja lagi að kolefnisbinding fari fram með beitarstýringu.

Aðgerðir

Aðgerðir í áætluninni taka vel á fyrsta liðnum hér að framan, þ.e. umbótum í framleiðsluháttum sem geta dregið úr losunarstyrk. Verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður er mikilvæg leið til þess að bændur fái heilsteypa ráðgjöf og fræðslu til þess að bæta framleiðsluhætti og auka kolefnisbindingu, þannig að mismunandi aðstæður hvers og eins fái einnig að njóta sín. Mikilvægt er að verkefnið haldi áfram, með inntöku fleiri þátttökubúa bæði innan sauðfjárræktarinnar sem og annarra búgreina, líkt og fjallað er um í aðgerðinni Kolefnishlutleysi nautgriparæktunar. Loftslagsvænn landbúnaður getur einnig styrkt aðrar aðgerðir áætlunarinnar, s.s. bættu nýtingu og meðhöndlun áburðar og bættu fóðrun þar sem verkefnið eykur þekkingu og aðgengi bænda að upplýsingum. Þátttökubændur Loftslagsvæns landbúnaðar, ásamt því að fá fræðslu og ráðgjöf um leiðir til lofslagsvænna aðgerða í landbúnaði, gera sína eigin aðgerðaáætlun. Í henni eru aðgerðir sem annars vegar lúta að því að dregið sé úr losun gróðurhúslofttegunda og hins vegar aðgerðir sem auka kolefnisbindingu. Í fyrri flokknum eru metnir möguleikar á sex aðgerðum; bættri nýtingu tilbúinna áburðarefna og frekari nýtingu lífrænna áburðarefna, möguleikum á ræktun niturbindandi jurta, minni olíunotkun, verndun jarðvegs við jarðvinnslu, endurheimt votlendis og að draga úr



innyflagerjun búfjár. Í þeim seinni eru metnir möguleikar til uppgræðslu, endurheimt skóglendis (birkiskóga og víðikjarrs), skjólbeltaræktun og ræktun hagaskóga og ræktun tímurskóga. Þátttakendur eru einnig hvattir til þess að hugsa út fyrir skilgreinda rammann og koma með nýjar hugmyndir að loftslagsvænum aðgerðum, en möguleikarnir eru miklir til dæmis innan hringrásarhagkerfisins.

Fjármögnun

Skoða þarf frekari fjármögnun verkefnisins en 20 milljónir á ári, munu ekki nægja fyrir 100 þátttakendur, líkt og sett er fram undir markmiði E1. Bændasamtök Íslands telja verkefnið mikilvægan þátt í loftslagsaðgerðum landbúnaðarins og telja því fjölda þátttökubúa vera góðan árangursvísi.

Samdráttur í landbúnaði

Væntur samdráttur aðgerða í landbúnaði er eins og áður segir 9% miðað við árið 2018. Einungis eru tvær af fimm aðgerðum landbúnaðarins tilgreindar með tölu í mögulegum losunaráhrifum. Ekki eru hér gerðar athugasemdir við það enda um að ræða aðgerðir sem eru í mótun þegar áætlunin er gerð. Hins vegar vekur það athygli í aðgerðinni bættri fóðrun búfjár til að draga úr iðragerjun (E.5) þar sem áherslan er á að fylgjast með þróun íblöndunarefna, sem mögulegs verkfæris til að draga úr iðragerjun, að væntur samdráttur aðgerðarinnar er 23.000 tonn kolefnisígilda. Þetta verður að telja umtalsvert í samanburði við önnur vænt samdráttaráhrif af öðrum aðgerðum áætlunarinnar, þar sem einungis er um að ræða íblöndunarefni á byrjunarstigi rannsókna. Rétt er að árétta það að til að draga úr iðragerjun skiptir ræktunarstarf miklu máli þar sem áhersla er lögð á heilbrigði dýra og bættu framleiðni en Landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna leggur talsverða áherslu á þann þátt til þess að draga úr iðragerjun frá búfé. Með góðu ræktunarstarfi eykst magn matvæla á hverja framleidda einingu og þar með myndast minni mengun á hvert kg framleiddrar einingar.

Nýting beitarlands

Íslenskur landbúnaður byggir að stórum hluta á úthagabeit og er því vert að nefna þriðja atriðið sem Landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna nefnir sem leið til að draga úr losun frá landbúnaði. Aðgerðaáætlunin fjallar ekki um þetta, en aðgerð I.5, Grólindegarverkefnið, kortlagning á ástandi lands, er mikilvægur grunnur fyrir frekari vinnu á þessu sviði. Með beit búfjár er verið að breyta vannýttum náttúruauðlindum, þ.e. grasi og búfjáraburði, í hágæða



afurðir. Beit hefur margvísleg jákvæð áhrif á vistkerfi og hafa nýlegar rannsóknir bent á þetta mikilvægi í samhengi við loftslagsmálin. Sjálfbær úthagabeit gegnir ýmsum hlutverkum í vistkerfum s.s. endurnýjar lífmassa, kemur í veg fyrir sinuelda, getur bætt vatnsbúskap með því að stuðla að fjölbreytileika í landslagi, verndar líffræðilega fjölbreytni í graslendi og frjóberandi skordýr ásamt því að búfénaðurinn sjálfur dreifir fræjum í svörð. Á heimsvísu er áætlað að beitarlönd geymi 343 milljarða tonn af kolefni, sem er um 50% meira en er geymt í skógum heimsins. Þannig má líta á sjálfbæra úthagabeit sem lokaða kolefnishringrás sem eykur endurnýjun á lífmassa, minnkar losun frá gróðurleifum og stuðlar að kolefnisgeymslu í jarðvegi sem vegur upp á móti innyflagerjuninni. Landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna telur að lykilinn að þessum árangri felst í beitarstjórnun og tækninýjungum tengdum henni, s.s. nýjungum í girðingum, ræktun belgjurta í graslendi og hreyfanleika búfjár innan beitar svæða. Miðað við íslenskar aðstæður þar sem mikið er af svæðum sem ekki er hægt að nýta á sjálfbærari hátt en með beit er vert að skoða nýja möguleika í samþættingu við matvælahringrásina.

Lokaorð

Ný aðgerð áætlunarinnar um aukna íslenska grænmetisframleiðslu er mjög framsýn og þörf aðgerð. Grænmetisneysla mun aukast á næstu árum, er lykilinn að fjölbreyttu mataræði og sjálfbærni matvælahringrásarinnar og því ein af undirstöðum þess að gera landbúnaðartengdu matvælahringrásina loftslagsvæna.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir